

Úthlutunarreglur styrkja Menningar- og ferðamálaráðs Vesturbyggðar

1. Tilgangur styrkjanna er að efla menningar-og ferðamál innan Vesturbyggðar.
2. Umsækjendur geta verið eintaklingar, fyrirtæki, félagasamtök og stofnanir.
3. Styrkir verða ekki veittir til verkefna sem eru á vegum ríkis eða sveitarfélaga.
4. Styrkir geta aldrei verið hærrí fjárhæð en sem nemur helmingi alls kostnaðar við tiltekið verkefni. Að öllu jöfnu skal fjárhæð hvers styrks ekki vera hærrí en kr. 100.000.-. Í umsókn skal þess getið um hvaða styrki aðra hefur sótt vegna verkefnis, eða ráðgert er að sækja um, á þeim tímapunkti sem umsóknin er gerð. Úthlutunarnefndin lítur það jákvæðum augum að verkefni hljóti einnig styrkveitingu annarstaðar frá.
5. Umsóknir um styrki skal skilað inn á þar til gerðum eyðublöðum sem eru aðgengileg á heimasíðu Vesturbyggðar – www.vesturbyggd.is.
6. Menningar- og ferðamálaráð skal auglýsa eftir umsóknum á heimasíðu Vesturbyggðar með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Umsóknarfrestur er fjórum sinnum á ári hverju og er það sem hér segir;
 - 1. febrúar
 - 1. maí
 - 1. september
 - 1. desember
7. Umsóknir eru afgreiddar fjórum sinnum á ári sbr. 6.gr. reglnanna en verkefni/viðburð skal miða við yfirstandandi almanaksár.
8. Styrkhæfur kostnaður: Styrkir Menningar- og ferðamálaráðs Vesturbyggðar taka til fjármögnunar styrkhæfs kostnaðar í verkefninu. Eftirfarandi atriði eru til leiðbeiningar um hvað telst til styrkhæfs kostnaðar:
 - a. Laun: Launakostnaður miðist við útborguð laun að viðbættum launatengdum gjöldum. Ekki er heimilt að nota útseldan taxa til útreiknings launa, nema í aðkeyptri þjónustu sjá e. lið.
 - b. Vinnuframlag styrkþega og samstarfsaðila: Þrátt fyrir lið a) skal reikna launaða eða ólaunaða vinnu að hámarki á 4.000 kr./klst.
 - c. Ferðakostnaður: Leitast skal við að velja hagkvæmasta ferðamáta hverju sinni.
 - d. Aðföng: Gera skal grein fyrir þeim aðföngum sem þarf til verkefnisins, s.s. efni, áhöld og tæki. Heimilt er að kaupa sérhæfð tæki sem nauðsynleg eru fyrir framgang verkefnisins. Reikna má allt að 25% af kaupverði þeirra í kostnaðaráætlun í umsókn.
 - e. Aðkeypt þjónusta: Gera þarf grein fyrir aðkeyptri þjónustu í umsókn.
9. Sá kostnaður sem fallið hefur til nú þegar, vegna þess verkefnis sem sótt er um, er ekki styrkhæfur.
10. Skila þarf inn ítarlegri greinargerð um framvindu og stöðu verkefnis með umsókn ef umsækjandi hefur áður fengið styrk til sama verkefnis sem og hvernig styrkurinn var nýttur
11. Styrkþegi skal geta þess í kynningu sinni á verkefninu, þar með töldum í fréttatilkynningu, í viðtölum, á prentefni og á samfélagsmiðlum eins og mögulegt er, að verkefnið sé styrkt af sjóðnum, auk þess að hafa kennimerki Vesturbyggðar sýnilegt þar sem það á við